

Guðný Zoëga

Fornleifarannsókn á fornum kirkjugarði á Utanverðunesi í Skagafirði



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2019/211

Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir rannsóknarsvæðið.



© Guðný Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga
2018/211

Innihald

Inngangur	2
Utanverðunes – söguágrip.....	3
Aðferðarfræði.....	3
Könnunarskurður 1	4
Lýsing jarðlaga í norðursniði skurðar	5
Lýsing á gröf 1	6
Gripir og sýni	7
Niðurstöður	7
Heimildaskrá	9

Inngangur

Dagana 16.-18. júní 2018 fór fram fornleifarannsókn í landi Utanverðuness á Hegranesi í Skagafirði.

Uppgröfturinn var hluti af tveimur verkefnum tengdum rannsóknum á fornum kirkjum og kirkjugörðum í Skagafirði, annarsvegar Skagfirsku kirkjurannsókninni og hinsvegar verkefninu Skagafjörður Church and Settlement Survey (SCASS).¹ Skagfirska kirkjurannsóknin leitast við að staðsetja, finna og rannsaka elstu kirkjur og kirkjugarða í Skagafirði en megin tilgangur SCASS rannsókna er að skoða aldur og dreifingu elstu byggðar í Hegranesi og tengsl byggðapróunar við kirkjusögu svæðisins.

Við jarðsjármælingar sumarið 2017 komu fram vísbendingar um hringlaga jarðmyndun rétt sunnan við garðinn í kringum núverandi íbúðarhús í Utanverðunesi. Óljósar heimildir voru um kirkjugarð á svæðinu en þar var áður lág hólbunga sem heimamenn kölluðu Kirkjuhól og töldu að sæist móta fyrir leiðum.² Þessar minjar voru allar sléttaðar í tún á 20. öld.

Tilgangur rannsóknarinnar sumarið 2018 var að komast að því hvort hægt væri að staðfesta tilvist og aldur garðsins með eins litlu inngrípi og mögulegt var.

Þrír fornleifafræðingar komu að uppgreftirnum, Guðný Zoëga frá Byggðasafni Skagfirðinga, Kathryn Catlin frá Northwestern háskóla í Bandaríkjunum og Douglas Bolender hjá UMASS Boston.

Við þökkum Heiðbjörtu Pálsdóttur landeiganda fyrir góðfúslegt leyfi til rannsóknarinnar og henni og öðru heimafolkum fyrir gestrisni og aðstoð.

Rannsóknarnúmer Minjastofnunar Íslands: 201807-0001

Númer frá Þjóðminjasafni Íslands: 2018-47

¹Fyrra verkefnið á vegum Byggðasafns Skagfirðinga en seinna verkefnið samstarf byggðasafnsins og Fiske fornleifamiðstöðvarinnar við UMASS Boston háskólann í Boston.

² Skv. frásögn Hróars Pálssonar. Byggðasaga Skagafjarðar, V. bindi. Bls. 174



Mynd 1. Horft til norðurs yfir bæjarstæði á Utanverðunesi. Sjá má könnunarskurðinn í túni sunnan við skrúðgarð sunnan íbúðarhúss.

Utanverðunes – söguágrip

Utanverðunes er ysta jörðin á Hegranesi. Hennar er fyrst getið í eignaskrá Hólaskóla 1374.³ Að fornu mati var jörðin 40 hundruð og fornleifarannsóknir undanfarinna ára hafa staðfest að þar var búið allt frá landnámsöld.⁴ Óbeina heimild um kirkju á staðnum er að finna í máldaga Sjávarborgarkirkju frá 1394. Þar kemur fram að Sjávarborgarprestur taki hálfa mörk fyrir að þjónusta kirkjur á Utanverðunesi og nágrannajörðunum Hellulandi og Keflavík. Það er því ljóst að bænhus hefur verið á Utanverðunesi síðla á 14. öld en engar aðrar heimildir eru til um upphaf kirkju á staðnum né heldur hvort grafið var við hana.


Aðferðarfræði

Sumarið 2017 var 25x40m stórt svæði sunnan við suðvesturhorn trjágarðs sunnan íbúðarhúss mælt upp með jarðsjármælingatækjum.⁵ Jarðsjármyndin sýnir hringlaga myndun um 20m í þvermál og nær hún 3-5m inn í suðvesturhorn húsgarðsins. Þar hefur trjám verið plantað og því ekki mögulegt að jarðsjármæla þann hluta mannvirkisins. Fyrir miðju hringsins voru útlínur

³ Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 278-279.

⁴ Bolender ofl. 2017, bls. 33.

⁵ CMD mini, viðnámsmælingatæki framleitt af fyrirtækinu GF Instrument í Hollandi. Tækið hefur gefist vel á Hegranesi þar sem er mjög jarðgrunnt.



Mynd 2. Á myndinni til vinstri er afmörkuð lega kirkjugarðs og kirkju skv. jarðsjármynd. Neðarlega innan hringsins sem afmarkar garðinn má sjá könnunarskurðinn í túni. Hægra megin er yfirlitstekning af kirkjugarðinum sem sýnir afstöðu könnunarskurðar og grafar innan garðs.


ferkantaðs mannvirkis, um 6x4m að stærð. Útlit, stærð og afstaða þessara mannvirkja eru dæmigerð fyrir kirkjur og kirkjugarða sem rannsakaðir hafa verið í Skagafirði undanfarin 11 ár. Jarðsjármyndin var höfð til hliðsjónar við val á heppilegum stað fyrir könnunarskurð.

Skurðurinn var grafinn í single-context og ekki var grafið niður fyrir móðskulag [103] sem gröfin hefur verið tekin niður í, nema í norðaustur horni þar sem grafið var niður á náttúrulegan jarðveg til að fá öll jarðlög fram. Jarðlög voru teiknuð upp, ljósmynduð og þeim er lýst frekar í eftirfarandi kafla. Skurðurinn, lega grafar og útlínur kistu voru mæld inn með alstöð.

Aftast í skýrslu er ljósmyndaskrá og skrá yfir gripi og sýni sem tekin voru.

Könnunarskurður 1

Hnitstaða ISN93: 476.171,813 583.724,045




Mynd 3. Jarðsjármyndir af svæðinu sunnan garðsins umhverfis einbýlishúsið. Á myndinni til vinstri sést bein lína sem eru ljósleiðar sem liggur þvert í gegnum kirkjugarðinn. Til hægri er mynd sem sýnir hringlaga útlínur garðs og útlínur kirkju fyrir miðjum garðinum. Myndir: SCASS.

Könnunarskurður var tekinn í sléttuðu túni 9m sunnan girðingar umhverfis skrúðgarð og 20m sunnan við suðvestur horn íbúðarhússins. Ekki var ætlunin að grafa í kirkjuna og var skurðinum valinn staður rétt sunnan þess sem virtist geta verið suðaustur horn kirkjunnar á jarðsjármynd. Rannsóknir samtíða kirkjugarða hafa leitt í ljós að best er að leita grafa nærri kirkju þar sem lega hennar er vituð. Fyrst var tekinn skurður sem lá norður-suður, 1,5m langur


og 50cm breiður. Á um 30cm dýpi lá hvít gjóska úr Heklu frá 1104 (H1104) yfir skurðinum öllum. Undir henni kom fram rótað torflag og efst í því, nyrst í skurðinum var steinahrúga. Samskonar steinhrúgur voru notaðar sem grafmerkingar í fótenda grafa í samtíða kirkjugarði á nágrennajorðinni Keflavík. Því var skurðurinn stækkaður um metra til vesturs og var sá hluti skurðar 1,5m frá vestri til austurs og 1,1m frá norðri til suðurs. Fast undir grasrót í norðaustur horni skurðar var grjótt líklega úr hleðslu. Ekki var grafið frekar í þá átt og var hleðslan skilin eftir ógrafin. Grafið var niður fast sunnan hleðslunnar og kom þar fram yfirborð grafar sem lá austur-vestur á um 1m löngum kafla.

Lýsing jarðlaga í norðursniði skurðar

Undir grasrót var um 15cm þykkt ormétið jarðlag [101] sem sjá mátti flekki af H1300 gjóskunni á stöku stað. Í norðvestur horni skurðar komu, á um 10cm dýpi, fram stórir hleðslusteinar og undir þeim torf. Þessar hleðsluleifar voru skildar eftir og ekki grafnar frekar. Neðan [101]



Mynd 4. Yfirlitsteikning sem sýnir útmörk könnunarskurðar og útlínur grafar og mögulega kirkjuleifar.



Mynd 5. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu jarðlaga í könnunarsturði 1.

lagsins var 15-20cm þykkt rótað torflag [102] með þykkum flekkjum af H1104. Neðst í því lagi var H1104 gjóskan á sínum stað. Neðan hennar var fremur þétt móöskulag [103] með kolum og ösku um 8cm þykkt. Neðan þess var um 5-8cm þykkt rauðleitt moldarlag [104] með mikilli móösku [104]. Þetta lag lá yfir öllu svæðinu og var einungis grafið niður fyrir það í norðaustur horni skurðar til að fá fram jarðvegssnið. Neðan móöskulagsins kom fram um 2-5cm þykkt móöskuskotið en einsleitara moldarlag [105]. Neðst í því var þunn grá-grænleitt gjóska, líklega gjóska sem féll rétt fyrir eða um 1000 e.Kr. Undir henni var um 3cm þykkt einsleitt moldarlag [106] með dálítilli móösku og koladreif. Neðan þess var dökkt gjóskulag, líklega hluti Landnámssyrpunnar. Neðan þess voru svo náttúruleg óhreyfð jarðlög [107].

Lýsing á gröf 1

[Gröf 1] lá undir rótuðu torflagi [102] fast undir H1104 gjóskunni og ofan í lag [103]. Fyrst komu í ljós þrír stórir steinar í hnapp við fótenda grafar en þegar búið var að hreinsa jarðlag [103] ofan af svæðinu kom yfirborð grafar



Mynd 6. H1104 gjóskan (hvít) lá yfir gröfnni og öllum jarðlögum öðrum en mögulegum kirkjuleifum.



Mynd 7. Horft til vesturs yfir könnunarskurð 1. Efst í horni hægra megin má sjá stóra steina, líklega úr vegggleðslu kirkjunnar. Vinstra megin við þá er gröf 1 sýnileg á yfirborði og steinarnir í fótenda hennar hafa markað hana á yfirborði.

að fullu í ljós. Gröfin lá nálega vestur-austur, 1.2m á lengd á yfirborði ef steinar við fótenda eru taldir með. Vestur endi grafarinnar lá inn undir vestursnið skurðar, undir hleðsluleifum. Gröfin hafði verið tekin ofan í þétt móöskulag [103] sem var í skurðum öllum og sást niðurgröfturinn á yfirborði þess lags.

Efst í graffyllingunni var mikið af stórum steinum og virtust um 60cm af austur helmingi grafar pakkað af steinum. Óvíst er hvort þessi steinpakkning hefur sést á yfirborði en steinarnir þrír við fótenda grafar stóðu hærra og hafa sést. Þegar búið var að fjarlægja grjótið úr austurenda grafar kom í ljós, á um 30cm dýpi, stór náttúrusteinn og óhreyfð jarðlög. Í vestari hluta grafar var þó dýpri niðurgröftur með rótaðri mold og smásteinum. Þegar búið var að grafa niður um 50cm

í vesturenda grafarinnar kom í ljós fótendi líkkistu. Þegar lokið var hreinsað af var komið niður á sköflungsbein úr manni. Bein voru ekki hreinsuð frekar eða fjarlægð. Kistan var 20cm breið í fótenda og um 25cm í vestursniði skurðar. Hún var 23cm breið rétt neðan við hné.

Gripir og sýni

Eini gripurinn sem fannst var líkkistunagli 2018-47-001

Viðarsýni var tekið úr kistu til frekari greiningar 2018-47-002

Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar staðfestu að útlínur mannvirkja sem fram komu í jarðsjármælingum sumarið 2017 eru leifar grafreitir úr frumkristni. Gagnsemi jarðsjármælinga við rannsóknir kirkjugarða sem horfnir eru af yfirborði eru ótvíræð, sérstaklega við



Mynd 8. Fótendi kistu í austur enda grafar 1. Sjá má sköflungsbein undir leifum af kistuloki.

aðstæður eins og á Utanverðunesi þar sem minjarnar lágu ekki undir yngri minjum. Þekking á stærð, gerð og legu mannvirkja hafa ótvírætt gildi hvað varðar mögulega varðveislu minjanna

Skurðurinn var tekinn fast við suðaustur horn ætlaðrar kirkju. Í norðvestur horni skurðarins komu fram hleðslusteinar, á svipuðum stað og sjá má mögulegar byggingaleifar í jarðsjármælingunni. Þessir steinar voru rétt undir yfirborði og gætu hleðslur hafa skemmst þegar að hóllin sem þarna var, var sléttaður í tún. Steinarnir lágu ofan 1104 gjóskunnar og rótaðs torflags [10] ofan hennar.

Ofan 1104 gjóskunnar var þykkt rótað torflag [102] sem gætu verið ummerki um að kirkja og kirkjugarður hafi verið sléttuð út, en það hefur þá gerst fyrir 1300 því sú gjóska liggur neðst í grasrót ofan torflagsins. Líklegra er að um sé að ræða uppfyllingarlag, en slík lög hafa fundist í mörgum kirkjugörðum úr frumkristni. Torf hefur verið lagt niður innan kirkjugarðsveggjarins til að slétta úr misfellum í landslagi og til að auðvelda greftrun í þeim. Það virðist hafa verið venja að yfirborð garðanna væri slétt því stundum liggja þessi lög ofan á eldri gröfum og stundum eru grafir teknar ofan í lögin. Sjaldan finnast ummerki um jarðvegsbungur á yfirborði grafa eins og síðar varð venja. Samskonar uppfyllingarlag [103] var svo beint undir 1104 gjóskunni. Þetta lag huldi að mestu gröf 1, nema mögulega steinana sem merktu fótenda grafar.

Gröfin sem fannst hefur líklega legið upp við eða mjög nærri kirkjunni. Augljóst var að upphaflega hefur hún átt að liggja austar en þegar komið var niður á stórt náttúrugrjót var gröfin færð um hálfan metra til vesturs. Þessi niðurgröftur var hinsvegar ekki fylltur aftur með sama jarðvegi heldur með stórum steinum, e.t.v. til þess að merkja að ekki væri hægt að grafa niður á þessum stað. Í vesturenda grafar komu svo fram leifar líkkistu með beinum sem staðfesti að þarna hefði verið grafreitir. Þar sem gröfin lá inn undir yngri mannvirki var einungis hægt að rannsaka fótenda hennar og því ekki hægt að rannsaka frekar hvort þarna lá karl eða kona.

Kirkjugarðurinn í Utanverðunesi virðist með svipuðu sniði og aðrir samtíða garðar sem grafnir hafa verið í Hegræsi, í Keldudal og Keflavík. Garðurinn hefur verið hringlaga með kirkju í miðju. Rannsókninni 2018 var ekki ætlað að staðfesta gerð mannvirkja, heldur aðeins að staðfesta að þetta væri kirkjugarður og að meta aldur hans. Rannsóknir samtíða kirkjugarða hafa leitt í ljós að megin hluti grafa eru frá því fyrir 1104 gjóskuna og gröfin sem hér var grafin lá undir gjóskunni og þykku uppfyllingarlagi ofan hennar. Hér var þó einungis um könnunarskurð að ræða og ekki hægt að fullyrða nánar um greftrun í garðinum öllum. Mögulegar leifar kirkju sem fram komu í skurðinum voru ekki samtíða gröfinni, heldur leifar yngri byggingar sem lá ofan hennar að hluta. Séu þar leifar kirkjunnar sem heimildir benda til

á 14. öld hefur hún staðið á sama stað frá upphafi. Við fornleifarannsóknir á nágrannajörðinni Keflavík var sýnt fram á að kirkjan sem getið er á 14. öld hefur staðið annarsstaðar en 11. aldar kirkjan, því sá kirkjugarður og kirkja voru aflögð fyrir 1300.

Tilvist kirkju í Utanverðunesi staðfestir að í frumkristni hafa kirkjur og kirkjugarðar verið á öllum jörðum norðanvert á Hegranesi. Frekari umfjöllun um rannsóknina á Utanverðunesi verður í lokaskýrslu SCASS verkefnisins.

Heimildaskrá

Bolender, D, Steinberg, J, Damiata, B og Guðný Zoëga (2017). *Hegranes Settlement Survey: Rein, Keta, Hamar, Utanverðunes, Ásgrímsstaðir. Interim Report 2016*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga/Fiske Center for Archaeological Research no. 2017-183/SCASS-2017-11.

Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi (2010). Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga.

Íslenskt fornbréfasafn III, 1269-1415. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Fylgiskjöl

Utanverðunes 2018 - listi yfir gripi og sýni

Þjms nr.	Landareign	Dags.	Teg.	Efni	Lýsing	Ástand	ID
2018-47-001	Utanverðunes	17.7.2018	Gripur	Járn, viður	Hnoðnagli úr líkkistu í gröf 1	Skilað á Þjóðminjasafn	GZ
2018-47-002	Utanverðunes	17.7.2018	Sýni	Viður	Viðarsýni sem tekið var úr líkkistu í gröf 1	Eftir að greina	GZ

Uppgröftur á fornum kirkjugarði í Utanverðunesi - Ljósmyndaskrá

Nr.	Dags.	Teg.	ID	Landareign	Lýsing	Horft í
Utanverðunes_1	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	[101]	N
Utanverðunes_2	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	H1104	
Utanverðunes_3	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	H1104	
Utanverðunes_4	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	H1104	
Utanverðunes_5	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	H1104	
Utanverðunes_6	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	H1104	
Utanverðunes_7	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	[103] [Gröf 1]	
Utanverðunes_8	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	[103] [Gröf 1]	
Utanverðunes_9	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	[103] [Gröf 1]	
Utanverðunes_10	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	[103] [Gröf 1]	
Utanverðunes_11	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	[103] [Gröf 1]	
Utanverðunes_12	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	[103] [Gröf 1]	
Utanverðunes_13	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Steinar að koma í ljós í nv horni	
Utanverðunes_14	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Verið að hreinsa fram steina í lagi [101]	
Utanverðunes_15	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Gröf að koma í ljós í lagi [102] og steinar í móösku [103]	
Utanverðunes_16	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Gröf að koma í ljós í lagi [102] og steinar í móösku [103]	
Utanverðunes_17	16.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Gröf 1 á yfirborði	A
Utanverðunes_18	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Gröf 1 á yfirborði	V
Utanverðunes_19	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Steinar á yfirborði austast í gröf 1	Að ofan
Utanverðunes_20	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Steinar á yfirborði austast í gröf 1	Að ofan
Utanverðunes_21	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Steinar á yfirborði austast í gröf 1	A
Utanverðunes_22	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Mannabein og kista	Að ofan
Utanverðunes_23	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Mannabein og kista	Að ofan
Utanverðunes_24	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Gröf 1 að ofan	
Utanverðunes_25	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Jarðlög í na horni skurðar	A
Utanverðunes_26	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Jarðlög í norður sniði skurðar	N
Utanverðunes_27	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Jarðlög í norður sniði skurðar	N
Utanverðunes_28	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Jarðlög í norður sniði skurðar	N
Utanverðunes_29	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Jarðlög í austur sniði skurðar	A
Utanverðunes_30	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Jarðlög í norður sniði skurðar	N
Utanverðunes_31	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Graffylling í gröf 1	V
Utanverðunes_32	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Yfirlit yfir könnunarskurði í túni	Að ofan

Uppgröftur á fornum kirkjugarði í Utanverðunesi - Ljósmyndaskrá

Nr.	Dags.	Teg.	ID	Landareign	Lýsing	Horft í
Utanverðunes_33	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu könnunarskurðar í túni	NA
Utanverðunes_34	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu könnunarskurðar í túni	Að ofan
Utanverðunes_35	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu könnunarskurðar í túni	N
Utanverðunes_36	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu könnunarskurðar í túni	Að ofan
Utanverðunes_37	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu könnunarskurðar í túni	Að ofan
Utanverðunes_38	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu könnunarskurðar í túni	N
Utanverðunes_39	17.7.2018	JPEG	GZ	Utanverðunes	Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu könnunarskurðar í túni	Að ofan